



# Sýslumaðurinn á Ísafirði

Ársskýrsla  
2008

## Inngangur

Sjöunda ársskýrsla embættis sýslumannsins á Ísafirði er eingöngu birt með rafrænum hætti og verður aðgengileg með fyrri ársskýrslum embættisins á [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is). Sérstök ársskýrsla er gerð um þann hluta embættisins er varðar lögregluna og er hún birt á [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is). Er það gert til samræmingar við önnur embætti sem einnig hafa lögreglustjórn. Ársskýrslan er sett fram til að gefa raunsanna mynd af starfsemi ársins 2008. Þannig er skýrslan ágætt tæki við stefnumótun embættisins. Markmið embættisins er að efla þjónustu við borgara umdæmisins og tryggja öryggi þeirra og velferð á sem hagkvæmasta máta.

Miklar breytingar áttu sér stað á árunum 2006 til 2008. Í byrjun árs 2007 gekk í gildi sameining lögregluumdæma og tollumdæma og breytt inntak sumra sýslumannsembættis. Sýslumaðurinn á Ísafirði tók við lögreglustjórn í umdæmi sem er 9.400 km<sup>2</sup> og nær yfir allan Vestfjarðarkjálkann, frá Gilsfirði að Brú í Hrutafirði, auk hluta Holtavörðuheidiar sem sýslumaður þjónar ásamt lögreglustjóranum í Borgarnesi. Á landsvísi er umdæmið um 9%. Hið nýja lið lögreglunnar fékk heitið lögreglan á Vestfjörðum og er undir stjórn lögreglustjórans á Vestfjörðum sem jafnframt er sýslumaður Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar. Við þá sameiningu varð til stærra og öflugra lögreglulið en áður hefur þekkt á Vestfjörðum. Þann 1. janúar 2009 tók Tollstjóri (þá tollstjórinn í Reykjavík) við stjórn tollamála á Vestfjörðum, en sýslumaður gerði samstarfssamning við Tollstjóra um samnýtingu húsnæðis í stjórnsýsluhúsinu og um mannafla lögreglunnar á Vestfjörðum. Vegna þessa verður tollamálum framvegis gerð skil í sérstakri ársskýrslu Tollsstjóra og er þetta því síðasta ársskýrslan þar sem tollur kemur við sögu.

Sýslumaður hefur haft umsjón með málaflokk er varða kærur til æðra stjórnvalds vegna ákvarðana sem teknar eru af Útlendingastofnun. Á vormánuðum 2008 tók til starfa skönnunarmiðstöð hjá sýslumanni. Hlutverk miðstöðvarinnar er að skanna þinglýst skjöl allra sýslumannsembættis landsins. Tveir starfsmenn voru ráðnir og hefur skönnun skjala gengið vonum framár. Þess er vænst að þegar fjármálakreppu lýkur, fáist fjármagn til að ráða fleiri starfsmenn, en með þann fjölda starfsmanna sem nú er, mun það taka a.m.k. 15 ár í viðbót að skanna skjöl sem eingöngu tilheyra embætti sýslumannsins í Reykjavík.

Eftir hrun fjármálamarkaðar hérlendis, hefur embættið þurft að draga saman í rekstri, eins og aðrar opinberar stofnanir. Enn hefur ekki komið til uppsagna starfsmanna, en á árinu 2009 er gerð veruleg krafa um hagræðingu í rekstri og fjárframlög skert sem því nemur. Þá er fyrirliggjandi að enn frekari hagræðingarkrafa verður gerð vegna rekstraráranna 2010 og 2011 og því ljóst að ef ekki kemur til sameiningar embættis, mun rekstrargrundvöllur þessa embættis breyta, starfsfólki verður sagt upp og þjónusta skerðast. Miklar væntingar eru til dómsmálaráðuneytisins um að farið verði í aðgerðir sem tryggja þjónustu og störf og að sem minnst röskun verði á starfsemi embættisins, þrátt fyrir þann gífurlega niðurskurð í fjármálum sem boðaður hefur verið.

Kristín Völundardóttir,  
sýslumaðurinn á Ísafirði.

# Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	2
<b>I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2008 .....</b>	<b>4</b>
ALMENNT .....	4
ÞJÓNUSTA .....	4
SAMSTARF .....	4
REKSTUR .....	4
KJARNASTARFSEMI.....	6
<b>1. ALMENN UMBOÐSSTÖRF .....</b>	<b>6</b>
1.1. Þinglýsingar .....	6
1.2. Aðfarargerðir .....	6
1.3. Nauðungarsölur .....	6
1.4. Sifjamál .....	6
1.5. Dánarbú .....	6
<b>2. INNHEIMTA OPINBERRA GJALDA .....</b>	<b>6</b>
<b>3. TOLLUR .....</b>	<b>7</b>
<b>4. TRYGGINGASTOFNUN OG SJÚKRATRYGGINGAR .....</b>	<b>7</b>
<b>5. ÝMSAR LEYFISVEITINGAR .....</b>	<b>7</b>
<b>II. Tölulegar upplýsingar .....</b>	<b>8</b>
<b>1. Almenn umboðsstörf .....</b>	<b>8</b>
<b>2. Innheimta opinberra gjalda.....</b>	<b>11</b>
<b>3. Tollur .....</b>	<b>11</b>
<b>4. Tryggingastofnun og sjúkratryggingar .....</b>	<b>13</b>

## **I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2008**

### **Almennt**

Fram eftir ári var rekstur með hefðbundnu sniði, en eftir fall bankanna í september 2008, einkenndist rekstrarárið af óvissu og skorti á upplýsingum um framtíð ríkisstofnana. Stjórnvöld tilkynntu að verulega yrði dregið úr fjárframlögum til embætta og opinberra stofnana, en ekki með hvaða hætti eða hversu mikið. Allt að einu stóð starfsfólk sig vel, hélt ró sinni og aðstoðaði íbúa sem leituðu til embættisins með erindi sín.

### **Um starfsmenn**

Eins og undanfarin ár sóttu starfsmenn námskeið hjá Járnsíðu og er það mjög mikilvægur liður í endurmenntun starfsfólks og nauðsynlegt að því gefist kostur á að sækja slík námskeið. Þá sóttu starfsmenn námskeið á vegum Símenntar sem starfar með Járnsíðu. Námskeið voru ýmist haldin á Ísafirði eða í Reykjavík.

### **Þjónusta**

Enn er hugbúnaður vegna skjalastjórnunar og nýrra málaskrárkerfa í vinnslu, en hugbúnaðurinn átti að vera tilbúinn á síðari hluta árs 2008. Vegna fjármálakreppunnar og samdráttar í ríkisrekstri má vænta þess að kerfin og hugbúnaðurinn verði ekki tilbúin fyrr en í fyrsta lagi í árslok 2009.

### **Samstarf**

Samstarf við stofnanir og félög innan umdæmis sem utan gekk mjög vel. Þakka ber embætti ríkislögreglustjóra fyrir gott samstarf, lögregluskólanum fyrir gott og metnaðarfullt starf og Starfsmennt fyrir Járnsíðuverkefnið. Sýslumaður tók þátt í samstarfsverkefni vegna hruns bankakerfisins, en að því verkefni stóð Ísafjarðarbær, Rauði krossinn, stéttarfélög, Vinnumálastofnun ofl. hagsmunasamtök. Hlutverk verkefnisins var að aðstoða íbúa Ísafjarðarbæjar og nágrennis vegna hrunsins.

### **Rekstur**

Tekjuhalli var á árinu 2008 og nam hann rúmum 3,3 milljónum króna. Tekjuafgangur ársins 2007 nam hins vegar rúmum 2,3 milljónum króna og því skuldaði embættið tæpa 1 milljón um áramót. Ástæða hallareksturs má rekja til þessað embættið átti inneign hjá dómsmálaráðuneytinu að fjárhæð 1 milljón og barst sú greiðsla ekki fyrr en í janúar 2009. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir fjárhagsstöðu embættisins á árinu 2008.

<b>Rekstrarreikningur 2007</b>	Reikningur 2007	Reikningur 2008	Fjárheimildir
--------------------------------	-----------------	-----------------	---------------

### Tekjur

Sértekjur	1.399.671	2.748.201	
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.399.671</b>	<b>2.748.201</b>	

### Gjöld

101 Yfirstjórn	76.325.563	94.840.977	93.388.000
120 Löggæsla	206.081.184	223.768.897	221.620.000
140 Tollgæsla	8.195.376	8.399.927	5.900.000
<b>Gjöld samtals</b>	<b>290.602.123</b>	<b>327.009.801</b>	307.908.000

### Tekjur umfram gjöld

Tekjur umfram gjöld	289.202.452	324.261.600	
Framlag ríkissjóðs	290.831.000	320.908.000	
<b>Tekjuafgangur/-halli</b>	<b>1.628.548</b>	<b>-3.353.600</b>	

<b>Efnahagsreikn. 31. des. 2008</b>	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Reikningur 2008
-------------------------------------	-----------------	-----------------	-----------------

### Eignir

Inneign hjá ríkissjóði	2.629.726	8.398.152	
Skammtímakröfur aðrar	37.019.162	12.670.694	<b>7.400.244</b>
Handbært fé	4.894.152	2.122.071	<b>2.768.050</b>
<b>Eignir/veltufjármunir samtals</b>	<b>44.543.040</b>	<b>23.190.917</b>	<b>18.188.975</b>

### Skuldir og eigið fé

#### Breyting v. lokafjárlaga

Tekjujöfnuður ársins	2.361.031	-3.353.600	<b>-992.569</b>
Eigið fé/höfuðstóll í árslok	2.361.031	-3.353.600	<b>-992.569</b>

### Skammtímaskuldir

#### Yfirdráttur á bankareikn.

Aðrar skammtímaskuldir	44.970.255	20.829.886	<b>19.181.544</b>
<b>Skuldir/skammtímaskuldir samt.</b>	<b>44.970.255</b>	<b>20.829.886</b>	<b>19.181.544</b>

Skuldir og eigið fé samtals	44.543.040	23.190.917	<b>18.188.975</b>
<b>2008</b>	Í milljónum króna	%	
Yfirstjórn	94.840.977		<b>29,00</b>
Lögregla	223.768.897		<b>68,43</b>
Tollgæsla	8.399.927		<b>2,57</b>
<b>Samtals</b>	327.009.801		<b>100</b>

## Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi sýslumannsins á Ísafirði er sem fyrr; 1. Almenn umboðsstörf, 2. Tollur, 3. Innheimta, 4. Starfsemi tryggingaumboðs og 5. Löggæsla. Verður gerð stuttlega grein fyrir hverju og einu sviði hér á eftir, utan löggæslunnar en eins og fram hefur komið er gerð sér ársskýrsla fyrir þann hluta starfseminnar.

### 1. Almenn umboðsstörf

#### 1.1. Þinglýsingar

Þinglýsingar voru með svipuðum hætti fram eftir ári en eftir hrun bankakerfisins fækkaði þinglýstum fasteigna-, skipa- og bifreiðaskjölum verulega. Á móti kom að aukning varð í útgáfu skilmálabreytinga veðskuldabréfa, en allt að einu varð marktækur samdráttur milli ára.

#### 1.2. Aðfarargerðir

Alls bárust 494 nýjar aðfararbeiðnir á árinu 2008 en til meðferðar voru 748 beiðnir. Fyrirtökur aðfarargerða eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og fyrirtökur samkvæmt lögregluboðun þriðjudaginn þar á eftir. Almennt láta menn til segjast eftir símtal frá lögreglu um að nærveru þeirra sé óskað við fyrirtöku og kemur það því sjaldan fyrir að menn eru fluttir með lögregluvaldi til fyrirtöku þó það sé ekki óþekkt.

#### 1.3. Nauðungarsölur

Alls bárust 100 nýjar nauðungarsölubeiðnir vegna fasteigna/skipa/loftfara á árinu 2008, þar af voru 33 fasteignir seldar nauðungarsölu hjá embættinu og er það töluverð aukning frá árunum 2004 til 2007. Af 136 málum sem komu til meðferðar var 103 málum lokið þannig að gerðarþolar fengu nauðungarsölu afturkallaða með samkomulagi við gerðarbeiðendur.

Á árinu 2008 barst 1 ný beiðni um sölu lausafjár en alls voru 2 beiðnir til meðferðar. Haldið var eitt lausafjáruppboð á árinu og lauk því með sölu hluta lausafjárins.

#### 1.4. Sifjamál

Sifjamál eru án efa einn erfiðasti málaflokkur embættisins. Alls voru 97 sifjamál til meðferðar hjá embættinu árið 2008. Ekki er að merkja sérstaka breytingu á milli ára í einstaka málaflokki.

#### 1.5. Dánarbú

Á árinu 2008 bárust 35 tilkynningar um andlát og voru alls 55 dánarbú til meðferðar á árinu. Meðferð þeirra lauk með þeim hætti að 11 einstaklingar fengu leyfi til setu í óskiptu búi, einkaskiptum var lokið í 12 málum, skiptum var lokið í 6 málum á grunvelli eignaleysis, 3 mál fóru í opinber skipti og skiptum lokið með öðrum hætti í 1 máli. Í árslok 2008 var skiptum ólokið í 22 málum.

## 2. Innheimta opinberra gjalda

Innheimtuárangur var sambærilegur á árinu 2008 og 2007. Við sömu vandamál er að etja ár hvert, þ.e. erfiðlega gengur að ljúka skiptum þrotabúa og áætlanir eru of margar, sem lítið er hægt að gera í af embættisins hálfu. Um fáa einstaklinga og fyrirtæki er að ræða sem valda því að innheimtuárangur reiknast með þessum hætti. Eins og fyrr eru áætlanir helsta vandamál við innheimtu. Ef árangur á að nást þarf að

breyta þeim reglum sem gilda um stofnun virðisaukaskattsnumers og opnun á staðgreiðsluskilum.

### **3. Tollur<sup>1</sup>**

Starfsemi tolls var með hefðbundum hætti. Eins og þegar hefur komið fram er þetta síðasta ársskýrsla sýslumannsins á Ísafirði þar sem starfsemi tollgæslu á Vestfjörðum er gerð skil. Eftir 1. janúar 2009 mun Tollstjóri (áður Tollstjórinn í Reykjavík) taka við verkefnum tolls á Vestfjörðum og mun þeim störfum verða gerð skil í sérstakri ársskýrslu Tollstjóra.

### **4. Tryggingastofnun og sjúkratryggingar**

Sýslumaður er umboðsmaður Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga. Starfsemi tryggingaumboðs var með svipuðum hætti og fyrra ár. Úrskurðum fjölgaði lítillega í tengslum við sjúkratryggingar, og fjölgaði örlítið í lífeyrisdeild og er því munurinn milli ára vart marktækur. Nokkurt vinnuálag hefur verið á starfsmönnum tryggingaumboðsins vegna aukningar við gerð tekjuáætlana, endurreiknings og upplýsingagjafar í síma vegna lífeyrigreiðslna. Komum lífeyrisþega á skrifstofuna fjölgaði á árinu 2007 og varð engin breyting þar á á árinu 2008.

### **5. Ýmsar leyfisveitingar**

Sýslumaður gefur út ýmis leyfi á grundvelli laga. Þá gefur sýslumaður út ýmis leyfi sem tilheyra lögreglustjórn embættisins. Um leyfi þessi verður fjallað í kaflanum tölulegar upplýsingar.

---

<sup>1</sup> Þann 1. janúar 2009 færðist starfsemi tollsins á Vestfjörðum undir nýtt embætti tollstjórans í Reykjavík. Hið nýja embætti fékk heitið Tollstjóri. Sýslumaður hefur gert samstarfssamning við Tollstjóra um samnýtingu húsnæðis, starfsmanna í tolli og starfsmanna í lögreglu.

## II. Tölulegar upplýsingar

### 1. Almenn umboðsstörf sýslumanns ofl.

<b>1) Ársverk eftir verkefnum (ef unnt er)*</b>	<b>2008</b>			
Skrifstofa - rekstur	3			
Fullnustur	3			
Þinglýsingar	2			
Sifjamálefni	2			
Opinber skipti	1			
Tryggingastofnun	2			
Annað (hvað?)*	1,7			
<b>Samtals</b>	<b>14,7</b>			

<b>2) Fjöldi fjárnámsbeiðna við embættið</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Nýjar beiðnir	532	519	422	494
Beiðnum ólokið frá fyrra ári	226	291	313	254
Beiðnir til meðferðar	758	810	735	748
Beiðnum alls lokið	467	497	481	574
Beiðnum alls ólokið	291	313	254	174
<b>Samtals</b>				

<b>3) Fjöldi nauðungarsala - fasteignir</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Nýjar beiðnir	127	85	116	100
Beiðnum ólokið frá fyrra ári	7	30	16	36
Beiðnir til meðferðar	134	115	132	136
Beiðnum alls lokið	113	84	85	125
Beiðnum alls ólokið	30	16	42	10
Eignir í framhaldssölu				
Útgefin afsöl	18	12	8	33

<b>4) Fjöldi nauðungarsala - skip /loftför</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Nýjar beiðnir	*	*	*	*
Beiðnum ólokið frá fyrra ári	*	*	*	*
Beiðnir til meðferðar	*	*	*	*
Beiðnum alls lokið	*	*	*	*
Beiðnum alls ólokið	*	*	*	*
Eignir í framhaldssölu	*	*	*	*
Útgefin afsöl	*	*	*	*

<b>5) Fjöldi nauðungarsala - lausafé</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Nýjar beiðnir	6	2	2	1
Beiðnum ólokið frá fyrra ári	2	1	0	1
Beiðnir til meðferðar	8	3	2	2
Beiðnum alls lokið	5	3	2	1
Beiðnum alls ólokið	1	0	1	1
Eignir í framhaldssölu				
Útgefin afsöl	2	3	1	0

\*Tölfræði fasteigna, skipa og loftfara er talin saman

<b>6) Fjöldi lögbókandagerða</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Erfðaskrár	9	5	4	4
Kaupmálar	5	1	6	3
Önnur mál	31	27	33	



<b>7) Fjöldi sifjamála</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Hjónavígslur/könnun	5	5	4	6
Staðfest samvist	0	0	0	0
Skilnaðarmál	32	30	41	28
Framfærslu/lífeyrismál	1	1	0	0
Faðernis/meðlagsmál	13	10	5	15
Almenn meðlagsmál	14	11	7	10
Forsjár/meðlagsmál	9	12	13	13
Umgengismál	17	15	10	14
Dagsektarmál				
Menntunarframlag	7	8	8	6
Sérstakt framlag	6	6	4	5
<b>8) Ýmislegt - fjöldi</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Þinglýst skjöl <sup>2</sup>	2262*	2013*	2010*	1411*
Dánarbú	42	49	53	53
Löggræðismál og fjármunir ómyndugra	?	?	6	5
Skráning kaupmála	55	1	6	3
Firmaskráning				
Útgáfa á leyfum og skírteinum	1589	svipað	svipað	svipað
Útburðarbeiðnir	0	1	0	1
Innkomnar innsetningabeiðnir	0	0	0	0
Innkomnar kyrrsetningabeiðnir	2	1	1	1
Innkomnar löbannsbeiðnir	1	0	0	0
Innkomnar löggeymslubeiðnir	0	0	1	0
<b>9) Tekjur sem tilheyra sýsluskrifstofu</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Framlög frá ríkinu (m.kr.)	69.4	75.8	80.4	82.5 <sup>3</sup>
Sértekjur (m.kr.)***	2.626.942 <sup>4</sup>	1.227.952 <sup>5</sup>	1.399.671 <sup>6</sup>	2.459.374 <sup>7</sup>
10) Ýmis önnur leyfi – sjá aftar í skýrslu				
Við embættið starfa tveir starfsmenn v/umboðstarfa fyrir				
Tryggingastofnun, verkefni þeirra eru ýmisleg				
Tveir starfsmenn starfa í Skönnunarmiðstöð				
Einn lögfræðingur starfar við undirbúning úrskurða fyrir einkamála- og borgaraskrifstofu DMR				
***Sértekjur koma vegna eftirlits lögreglu á grundvelli samnings milli samgönguráðuneytisins og RLS (mestur hluti teknanna), örlitlar tekjur eru af fylgd lögreglu með sprengiefnaflutningum).				
*Sértekjur vegna lögreglu				
Tekjuliðir byggja á bókhaldsgögnum og fjárlögum undanf. ára				

<sup>2</sup> Skjal getur verið á mismunandi tegund eignar og er þá skjalið talið með báðum flokkum. Aflyst skjöl eru ekki meðtalin.

<sup>3</sup> Hér vantar ríkisframlög vegna skönnunarmiðstöðvar og fulltrúa í útlendingamálaum, en þau framlög voru sett inn í fjárheimildir embættisins á fjárlagaárinu 2009, sjá heildarrekstrarkostnað í kafla I, undirkafla Rekstur.

<sup>4</sup> Sért. v/tolls en féllu niður vegna lagabreytingar 2006.

<sup>5</sup> Sértekjur vegna lögreglu.

<sup>6</sup> Sértekjur vegna lögreglu.

<sup>7</sup> Sértekjur vegna lögreglu.

10) Ýmis önnur leyfi:

a) Aðrar leyfisveitingar er tilheyra umboðsstörfum sýslumanns

**Ökuréttindi**

<b>Skýringar:</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Umsóknir um ökuskírteini	434	482	<b>413</b>
Æfingaaksturs- og leiðbeinendaleyfi	328	228	<b>208</b>

**Vegabréf**

<b>Skýringar:</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Útgefin vegabréf	594	513	<b>307</b>

**Restrarleyfi**

<b>Skýringar:</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Veitinga-, skv. niðurfelldum lögum nr. 67/1985	39	35	0
Gisti- og hótellefvi skv. niðurfelldum lögum nr. 67/1985	7	4	2
Skemmtanal. skv. niðurfelldum lögum nr. 120/1947	60	0	2
Rekstrarleyfi skv. lögum nr. 85/2007		9	19
Tækifæri- og/eða tímab. áf.leyfi skv.lögum nr. 85/2007		23	41

**Annað**

Útgefin meistarabréf	2	5	3
Brennuleyfi	14	29	22

b) Leyfisveitingar er tilheyra lögreglustjórn

**Skotvopnaleyfi**

<b>Skýringar:</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Skotvopnanámskeið – flokkur A	15	17	21
Aukin skotvopnaréttindi – flokkur B	14	27	25
Aukin skotvopnaréttindi – flokkur D	0	1	1
Endurnýjun skotvopnaleyfis	21	37	39
Heimild til að eignast skotvopn	55	64	78
Alþjóðlegt innflutningsleyfi skotvopna	0	0	0
Leyfi til að flytja vopn úr landi	1	0	0
Annað	*	*	11

## Önnur leyfi

Skýringar:	2006	2007	2008
Leyfi fyrir sölu skotelda	5	12	10
Leyfi fyrir skoteldasýningum	10	14	19
Útgefin sprengileyfi	1	0	0
Leyfi til að kaupa sprengiefni	4	2	3
Leyfi til flutnings á sprengiefni	16	79	43
Önnur flutningsleyfi	23	8	5
Eiturefnaleyfi	0	0	2

## 2. Innheimta

### Innheimtuárangur staða miðað við 1.1. 2009

Skýringar:	2006	2007	2008
Staðgreiðsla	98,1%	97,46	97,19
Virðisaukaskattur	98,7%	98,24	97,11
Opinber gjöld	78,4%	78,18	71,00

## 3. Tollur

Skýringar	2007	2008
Pappírsskýrslur	45	26
EDI- og VEF afgreiðslur	118	95
<b>Samtals:</b>	<b>163</b>	<b>121</b>

### Skipaafgreiðslur

Skýringar	2007	2008
Innafgreiðslur skipa	20	30
Útafgreiðslur skipa	29	32
Aðrar afgreiðslur	10	6
<b>Samtals:</b>	<b>59</b>	<b>68</b>

### Flugafgreiðslur

Skýringar	2007	2008
Innafgreiðslur flugvéla	7	10
Útafgreiðslur flugvéla	16	15
<b>Samtals:</b>	<b>23</b>	<b>25</b>

### SMT / sía

Skýringar	2007	2008
Óskað eftir skjölum	14	8

### Vöruskoðun

Skýringar	2007	2008
Vöruskoðanir	16	12

### Skemmtiferðaskip

Skýringar	2007	2008
Fjöldi skipa	25	27
Vaktstaða um borð /klst	0	0

### Farmskrá

Skýringar	2007	2008
Nýskráningar	22	38
Umskráningar, uppskiptingar og breytingar	16	17

### Skýrslur

Skýringar	2007	2008
Förgun, tjón, vöntun	1	2
Tollalagabrot	0	0
Lögskráningarbrot	1	0
Aðrar skýrslur	1	1
<b>Samtals:</b>	<b>2</b>	<b>3</b>

### Útgefin og endurnýjuð atvinnuskírteini

Skýringar	2007	2008
Útgefin og endurnýjuð skipstjórnarskírteini	56	Hætt
Útgefin og endurnýjuð vélstjórnarskírteini	29	Hætt

## 4. Tryggingastofnun og sjúkratryggingar

### Afgreiddir reikningar í sjúkratryggingum

Skýringar	2007	2008
Afgreiddir reikningar og beiðnir	2428	2624
Afgreidd alm.tr.vottorð	5	9
Úrskurðaður ferðakostnaður	274	277

### Úrskurðir í lífeyrisdeild

Skýringar	2007	2008
Fjöldi úrskurða	825	838

### Greiðslur vegna lífeyristrygginga og flr.<sup>8</sup>

Skýringar	2007	2008
Greiðslur vegna lífeyristrygginga	511.498.759	592.514.839
Félagsleg aðstoð lífeyristrygginga <sup>9</sup>	87.207.820	144.734.393
Slysatryggingar	905.085	1.120.132
Vistunarmál	25.829.080	34.385.066
Annað	0	966.578
<b>Samtals</b>	<b>664.769.628</b>	<b>773.721.008</b>

### Greiðslur vegna sjúkratrygginga

Skýringar	2007	2008
Greiddir sjúkradagpeningar	1.386.754 <sup>10</sup>	
Tannlæknakostnaður	20.458.171	14.458.525
Ferðakostnaður sjúklinga	14.645.368	16.213.463
Endurgreiðsla vegna afsláttarkorta	1.127	
Ferðakostnaður vegna dvarlarkostnaðar	147.440	20.480
Sjúkraflutningur v/fylgdarmanns	0	0
Sjúkratryggðir-endurgreiðsla	0	0
<b>Samtals</b>	<b>36.638.860</b>	<b>30.692.468</b>

<sup>8</sup> Greiðslur vegna lífeyristrygginga eru virk réttindi sem miðast við þá dagsetningu sem upplýsingar eru kallaðar fram úr kerfi Tryggingastofnunar. Þessar tölur miðast við stöðuna þann 6. júní 2009.

<sup>9</sup> Hér undir koma greiðslur vegna meðlags, en á árinu 2007 voru meðlög talin sérstaklega, en voru þá kr. 39.328.884,-

<sup>10</sup> tímabilið 01.01.07 til 18.05.07. Þessar greiðslur fara ekki lengur fram hjá tryggingarumboðinu.